

Móar fuglabú
Sigurborg Daðadóttir
Völutegi 2
270 Mosfellsbær

2002030017
3501; 9310

Reykjavík, 18. apríl 2002
/ÞFP

Efni: Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi, úr 40.000 í 80.000 stæði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Móa, fuglabús dags. 11. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi, úr 40.000 í 80.000 stæði, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1f í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarstrandarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarstrandarhreppi með bréfi dags. 1. apríl 2002, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 3. apríl 2002, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 9. apríl 2002 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 2. apríl 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 15. apríl 2002.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhugað er að byggja eitt alifuglahús með stæði fyrir 40.000 kjúklinga en fyrir er eitt samskonar hús að Hurðarbaki. Í gildi er deiliskipulag fyrir Hurðarbak og þar er gert ráð fyrir 6 alifuglahúsum allt að 3000 m² að grunnfleti hvert, auk útbygginga. Á jörðinni er stundaður hefðbundinn landbúnaður auk kjúklingaeldis frá 7. janúar 2000. Þar eru ræktuð tún, mólendi og mýrlendi og áin Laxá rennur á landamörkum að norðanverðu. Helstu áhrif á umhverfið við stækkun kjúklingabúsins eru frá auknu magni hæsnaskíts sem til fellur og ætlaður er til áburðar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að frá vorinu 2001 hefur hæsnaskítur sem til fellur á Móum á Kjalarnesi einnig verið fluttur að Hurðarbaki til áburðarnotkunar þar. Samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila falla til 0,55 kg af skít frá hverjum fugli á eldistíma hans, eða um 465.000 kg á ári miðað við 6,5 eldishópa á ári og fulla nýtingu allra húsa á Móum og tveggja húsa að Hurðarbaki. Ætla megi að um 1.160 kg

köfnunarefnis (N) verði borin á tún að Hurðarbaki á ári þegar fyrirhuguð bygging verður komin í notkun. Samkvæmt starfsleyfi heilbrigðisnefndar er að hámarki leyfilegt að dreifa 170 kg N/ha/ár. Fram kemur að landstærð Hurðarbaks ætti að vera næg til að uppfylla ákvæði starfsleyfis. Samkvæmt fylgiskjali með starfsleyfi er leyfilegt að dreyfa skítnum á tún á tímabilinu 1. apríl til 1. nóvember.

Varðandi frárennsli frá eldihúsunum þá er hvert hólft tæmt á 8 vikna fresti (tvö hólft í hvoru húsi), en eftir útmokstur eru húsin þurr og tiltölulega lítið magn af skít verður eftir. Frárennsli frá eldishúsi er fyrst og fremst þvottavatn.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka framleiðslu á kjúklingum vegna aukinnar neyslu kjúklingakjöts.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum kemur fram að Hvalfjarðarstrandarhreppur, Heilbrigðisnefnd Vesturlands og veiðimálastjóri telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á nokkur atriði sem stofnunin telur að verði að hafa í huga við ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fram kemur að samkvæmt tölulíð 19.1 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 séu stöðvar þar sem fram fer þau leiddi með 85.000 stæði fyrir kjúklinga ávallt matsskyldar og að samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir Hurðabak sé gert ráð fyrir 6 alifuglahúsum og því ljóst að gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir alifuglarækt langt upp fyrir framangreint viðmið 1. viðauka laga nr. 106/2000. Hollustuvernd ríkisins telur að teknu tilliti til nokkurra atriða er varða skort á upplýsingum og samlegðaráhrif sé eðlilegt að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir 6 alifuglahúsum skv. gildandi skipulagi, með stæði fyrir 240.000 kjúklinga alls. Á þessari stundu liggi engar ákvarðanir fyrir um stækkun umfram það sem tilkynnt er um núna, en komi til þess að fyrirtækið vilji byggja 3ja húsið verði rýmri tími til að vinna að undirbúningi þeirrar framkvæmdar í samræmi við 5. gr. laga nr. 106/2000.

Flutningur á skít og haugsetning

Í umsögn sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps er bent sérstaklega á mikilvægi þess að rekstur sé í samræmi við starfsleyfi. Sveitarstjórn leggst gegn því að hænsnaskítur sé fluttur frá kjúklingabúinu á Móum á Kjalarnesi að Hurðarbaki þar sem vafasamt sé að næjanlegt landrými sé þar til að taka við þeim skít til viðbótar því sem til fellur að Hurðarbaki. Bent er á að í fylgiskjali með starfsleyfi komi fram að það sé með öllu óheimilt að aka hænsnaskít frá Móum að Hurðarbaki yfir veturinn og safna þar í útihauga til dreifingar að vori eins og gert hefur verið.

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar hafi gert athugasemdir við haugsetningu hænsnaskíts í landi Hurðarbaks sem mávar hafi sótt í og annar vargfugl, er bendi til þess að grein 2.8 í starfsleyfi, varðandi yfirbyggt haughús fyrir hænsnaskít, hafi ekki verið að fullu haldin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé vitað til þess að flutningur á skít frá Móum að Hurðarbaki sé háður leyfi opinberra aðila, en hann sé þó gerður með vitund þeirra,

s.s. embættis yfirdýralæknis og heilbrigðiseftirlits og heyri ef til vill frekast undir starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Réttilega sé bent á að fyrirtækið hefur ekki uppfyllt ákvæði 2.8 í starfsleyfi, þ.e. byggt haughús. Ætlunin sé að sækja um leyfi bygginga- og/eða skipulagsyfirvalda til þeirrar framkvæmdar um leið og sótt verði um leyfi fyrir byggingu fyrirhugaðs eldishúss.

Dreifing á fuglaskít

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að í starfsleyfi sé ákvæði um dreifingu fuglaskíts til áburðar. Ekki komi fram upplýsingar um flatarmál túna að Hurðarbaki til að sannreyna að landstærð Hurðarbaks sé nægileg til þess að uppfylla kröfur starfsleyfisgjafa um hámarksdreifingu köfnunarefnis eða hversu nálægt hámarkinu fyrirhuguð dreifing sé.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að jörðin Hurðarbak sé um 250 ha að stærð, þ.a. séu ræktuð tún um 50 ha og ræktanlegt land um 50 ha til viðbótar, sem þegar hefur verið hafist handa við að rækta. Framkvæmdaraðili hafi mælt magn hæsnaskíts sem til fellur á eldistíma. Að frádregnum spóni (sem viktaður var inn í hús) var niðurstaðan 0,55 kg hæsnaskítur frá hverjum fugli á eldistíma hans og er það notað sem lágmark í útreikningum á magni köfnunarefnis (N) í skítinum. Erlendar upplýsingar gefi upp 1,7 kg „litter“ (skítur og spónn) á eldistíma fugls og er það notað sem hámark í útreikningum. Niðurstaða útreikninga sýni að miðað við 135.000 eldisstæði og 6,5 eldishópa á ári þurfi um 22 ha af túnum til að taka við skítinum miðað við hámark 170 kg N/ha/ári. Fram kemur að kvartanir hafi ekki borist til fyrirtækisins vegna lyktarmengunar og ekki sé kunnugt um að slíkar kvartanir hafi borist til heilbrigðiseftirlitsins. Samkvæmt upplýsingum frá ábúendum Hurðarbaks sé ríkjandi vindátt hagstæð (N, NA og A) hvað varðar aðra bæi og sumarhúsabyggð í Svínadal. Sumarhúsabyggðin sé í um 4-5 km fjarlægð í austur frá Hurðarbaki, Svarfhóll í um 1,5 km fjarlægð í austur og Tunga í um 1 km fjarlægð í norður (þar sé einnig hæsnabú).

Mengun viðtaka

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að kjúklingabúið að Hurðarbaki sé í næsta nágrenni Laxár í Leirársveit og hafi afrennsli til árinna. Því sé mikilvægt að ekki berist mengun í ána eða að starfsemin dragi að sér vargfugl sem geti verið vandamál á vatnasviði og ósasvæðum laxveiðiáa.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að ekki komi fram að kannað hafi verið streymi köfnunarefnis, eða annarra efna, út í Laxá t.d. eftir skurðum og að ekkert ákvæði sé um slíka vöktun í núverandi starfsleyfi. Laxá renni út í Grunnafjörð sem sé friðlýstur samkvæmt náttúruverndarlögum og á Ramsar lista yfir votlendissvæði. Bent er á hugsanleg umhverfisáhrif vegna lyktar og skólps frá eldishúsum og loftmengun vegna þurrkunar á skít.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirtækið sé reiðubúið að vinna strax í sumar að heildstæðri skoðun á næringarefnum sem berast frá staðbundum mannvirkjum þess á Hurðarbaki og vegna dreifingar hæsnaskíts. Niðurstöður geti lagt grunn að endurskoðun ákvæða í starfsleyfi um t.d. þrengri mörk hvað varðar

dreifingu skíts við læki og ár, t.d. 20 metra fjarlægð frá bökkum þeirra í stað 10 metra, enda sé nægjanlegt landrými að Hurðarbaki. Fram kemur að ekki sé veitt skólpi frá salernum í frárennsli frá eldihúsum, heldur sé um þvottavatn að ræða.

Samlegðaráhrif

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að auk þeirrar starfsemi sem stunduð er að Hurðabaki sé allstór og stækkandi sumarhúsabyggð innar í Svínadal og í næsta nágrenni sé ýmis mengandi starfsemi. Þótt ekki hafi greinst áhrif þessara þátta á Laxá verði að hafa samlegðaráhrifin í huga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram varðandi samlegðaráhrif sumarhúsabyggðar í Svínadal og nálægðar annarrar mengandi starfsemi hafi í samtali við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands komið fram að ekkert gæfi ástæðu til að ætla að um einhver hættumerki sé að ræða.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að með virkum mengunarvörnum og vöktun á umhverfi starfseminnar megi standa þannig að verki að umhverfinu stafi ekki hætta af stækkun kjúklingabúsins. Til þess að svo megi verða sé brýnt að öll áhrif starfseminnar verði skoðuð, þ.m.t. þol viðtaka við þeirri mengun sem frá henni kemur. Stofnunin telur því, að til að tryggja að tillit sé tekið til framanritaðra atriða og samlegðaráhrifa, sé eðlilegt að stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki verði háð mati á umhverfisáhrifum. Verði raunin sú, telur stofnunin og eðlilegt að könnuð verði áhrif frekari stækkunar (umfram fyrirhuguð 80.000 stæði) í samræmi við skipulag m.a. með það fyrir augum að finna bestar mengunarvarnir, þol viðtaka, áhrif á aðra starfsemi á svæðinu og áhrif á áframhaldandi uppbyggingu sumarhúsasvæða í Svínadal.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir álit Hollustuvernd ríkisins um að með virkum mengunarvörnum og vöktun á umhverfi starfseminnar megi standa þannig að verki að umhverfinu stafi ekki hætta af stækkun kjúklingabúsins, en að slík ákvæði eigi að binda í starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun kjúklingabús, Móa fuglabús, að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi, úr 40.000 stæðum fyrir kjúklinga í 80.000 stæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1f í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt framlögðum gögnum stafa umhverfisáhrif framkvæmdarinnar fyrst og fremst af geymslu og förgun hæsnaskíts sem felst í því að dreyfa honum á tún á tímabilinu 1. apríl til 1. nóvember. Fram kemur að ekki hefur verið farið að skilyrðum starfsleyfis að öllu leyti hvað varðar geymslu hæsnaskíts og hafi mávar og annar vargfugl sótt í skítinn. Skipulagsstofnun bendir á að það er málefni starfsleyfisveitanda að framfylgja því að geymsla hæsnaskíts sé í samræmi við útgefið starfsleyfi og á geymsla aukins magns ekki að valda umhverfisáhrifum sé farið eftir ákvæðum þess.

Samkvæmt framlögðum gögnum er að mati Skipulagsstofnunar ljóst að nægilegt rými er, samkvæmt kröfum í starfsleyfi, á túnnum að Hurðarbaki til að taka við því köfunarefni sem er í þeim hæsnaskít sem áformað er að dreifa á túnin. Miðað er við 877.500 kjúklinga á ári, á

Móum á Kjalarnesi og að Hurðarbaki, er rúmast á 135.000 stæðum. Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að lyktarmengun frá núverandi starfsemi sé ásættanleg og að ekki sé sérstök þörf á að kanna hugsanlega aukningu í lyktarmengun. Ekki liggja fyrir mælingar á hugsanlegum sammögnunaráhrifum kjúklingabús að Hurðarbaki og frá annari starfsemi svo sem hefðbundnum búskap og sumarhúsabyggð á vatnasviði Laxár og ekki er gerð krafa um slíkar mælingar í nágildandi starfsleyfi. Framkvæmdaraðili hefur í framlögðum gögnum lýst vilja til að taka þátt í mælingum er nýst geta í slíkum athugunum. Skipulagsstofnun vill benda sérstaklega á það sem fram kemur í umsögn Hollustuverndar ríkisins um að með virkum mengunarvörnum og vöktun á umhverfi starfseminnar megi standa þannig að verki að umhverfinu stafi ekki hætta af stækkun kjúklingabúsins.

Skipulagsstofnun telur að af framlögðum gögnum séu ljós áhrif stækkunar kjúklingabúsins að Hurðarbaki hvað varðar eðli og staðsetningu framkvæmdar og samkvæmt þeim gögnum sé framkvæmdin ekki líkleg til að hafa í för með sér áhrif á verndarsvæði Grunnafjarðar.

Ekki er um að ræða framkvæmd er fellur undir fyrsta viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en í ljósi þess að frekari stækkun kjúklingabúsins er möguleg samkvæmt deiliskipulagi telur Skipulagsstofnun mikilvægt að hún verði vel undirbúin meðal annars með tilliti til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun kjúklingabús, Móa fuglabús, að Hurðarbaki, Hvalfjarðarstrandarhreppi, úr 40.000 í 80.000 stæði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingarleyfi Hvalfjarðarstrandarhrepps skv. 36. og 46 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Vesturlands. Breyta þarf deiliskipulagi Hurðarbaks þar sem þar er ekki gert ráð fyrir haughúsi sem áformað er að byggja og krafa er gerð um í starfsleyfi.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. maí 2002.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra.

